



SART - Samtök rafverktaka
Borgartúni 25
105 Reykjavík

Reykjavík, 09.12.2019

Efni: Upplýsingar um ferli heimlagna og annarrar þjónustu við rafverktaka

Í framhaldi af fyrirspurn SART um ferli og þjónustustig vegna heimlagna koma hér upplýsingar um þá þætti sem hafa þarf í huga við umsókn um heimlagnir hjá Veitum. Einnig er fjallað um aðra þjónustu sem rafverktakar sækja til Veitna.

Símanúmer og netfang

Þjónustusími vegna heimlagna er 516 6000 og netfang er veitur@veitur.is. Ekki er gefinn sími beint á tæknimenn heldur er erindum svarað samdægurs.

Þjónustutími

Til að tryggja skilvirka þjónustu og um leið rými til að vinna úr umsóknum og fyrirspurnum munu starfsmenn heimlagnaþjónustu veita ráðgjöf um heimlagnir og afhenda búnað, s.s. straumspenna milli kl. 8 – 12 virka daga á Bæjarhálsi 1.

Upplýsingagjöf og almenn afgreiðsla

Hingað til hafa verktakar í mörgum tilvikum hringt í beina síma umsjónarmanna heimlagna. Ekki hefur verið hægt að tryggja svörun í beina síma þegar viðskiptavinir eru í afgreiðslu eða unnið er að úrlausn umsókna eða annarra beiðna.

Til að tryggja betri svör og markvissari þjónustu hefur verið ákveðið að veita framvegis upplýsingar um stöðu verkefna og almennar upplýsingar í þjónustuveri í síma 516 6000 og netfanginu veitur@veitur.is milli kl. 8 – 16 virka daga.

Ef starfsfólk þjónustuvers getur ekki svarað erindi mun því vera komið til annarra starfsmanna sem munu hafa samband samdægurs. Ekki er hægt að tryggja aðgang að sérfræðingum í heimlögnum þegar hringt er.

Viljum við sérstaklega benda á vef Veitna þar sem ýmsar upplýsingar er að finna um ferli og framkvæmd heimlagnaþjónustu.

Upplýsingar um stöðu verkefna geta umsækjendur séð á mínum síðum – verður aðgengilegt í viku 51 (16-22. des.).



Hverju á að skila með heimlagnaumsókn

Til að umsóknir komist til úrvinnslu er afar mikilvægt að nauðsynleg gögn berist strax með umsókn. Dæmi um gögn sem þarf að skila er að finna í umsóknarforminu á veitur.is/heimlagnir.

Þau gögn sem **VERÐUR** að skila eru:

1. Afstöðumynd sem sýnir hvar heimlagnir koma inn í hús – heimlagnir skulu allar koma inn í húshlið sem snýr að lagnakerfi (allar heimlagnir, rafmagn og vatn)
2. Grunnmynd og sniðmynd sem sýnir hvar inntaksrými er í húsi, hvar lögn kemur inn rými og hvernig heimlagnir eiga að koma inn í rýmið (t.d. upp úr gólfi eða niður úr lofti). Ídráttarrör fyrir stærri heimtaugar en 100A verður að vera beint og enda í gryfju undir töfluskáp.
3. Einlínmynd af töflu
4. Afláætlun vegna heimtauga sem eru 315A og stærri
5. Útlitsmynd og skammhlaupsútreikningur fyrir aðaltöflu sem er 400A og stærri

Afhending og tenging straumspenna ferli

Fyrir heimlagnir með mælingu 200A og stærra þarf að notast við straumspenna. Veitur útvega straumspenna og skammhleyplibretti. Veitur afhenda skammhleypta straumspenna með löskum. Ekki er rukkað gjald fyrir straumspenna og skammhleyplibretti það sem þetta er hluti af mælibúnað Veitna.

Fyrir afhendingu og tengingu á straumspennum gildir eftirfarandi ferli:

1. Rafverktaki sendir inn þjónustubeiðni til Veitna í gegnum Mannvirkjastofnun
2. Rafverktaki sækir straumspenna til Veitna – Afgreiðslutími virka daga milli 8-12
3. Rafverktaki setur straumspenna upp og tengir við þá stofninn
4. Rafverktaki sér um að útvega mælavíra (hvíta víra með styrktri einangrun) á milli straumspenna, skammhlaupsbrettis og mælis
5. Rafverktaki sér um að þræða mælavíra frá spennum að skammhlaupsbretti og mæli
6. Rafverktaki séu um að bora fyrir mælavírum fyrir skammhlaupsbretti samkvæmt máti
 - Hægt er að nálgast mát í afgreiðslu Veitna
7. Veitur sjá um að bora fyrir mælavírum við mæli
8. Veitur koma með og setja upp skammhlaupsbretti
9. Veitur tengja mælavíra við straumspenna, skammhlaupsbretti og mæli
10. Veitur spennusetja heimlögn

Önnur verkefni vegna rafmagns

Auk heimlagna eru ýmsar aðrar þjónustubeiðnir að berast frá rafverktökum. Verður farið yfir nokkrar þeirra hér að neðan og ferli þeirra.

Breyta í 3ja fasa rafmagn

Í flestum tilvikum er hægt að breyta heimtaug úr einfasa yfir í þriggja fasa. Ekki er tekið gjald fyrir þessa breytingu að því tilskyldu að heimtaugastrengur sé hæfur fyrir þrjá fasa (4-leiðari). Ef óskað er eftir að breyta úr einum fasa í þrjá þá gildir eftirfarandi ferli:

1. Fá löggildan rafverktaka í verkið
2. Sækja um 3ja fasa rafmagn (breyting) á Mínum síðum Veitna (heimlagna umsókn)
Hvort heldur greiðandi eða rafvirki geta sent inn umsókn
3. Rafverktaki sendir inn þjónustubeiðni til Veitna í gegnum vef Mannvirkjastofnunar



4. Tengiliður upplýstur um afhendingartíma og kostnað sé hann einhver
5. Veitur taka rafmagn af í samráði við rafvirkja
6. Rafverktaki tekur niður 1 fasa mæli og breytir rafmagnstöflu
7. Veitur breyta í 3ja fasa rafmagn og setja upp nýjan mæli

Afhendingartími 5 virkir dagar

**Afhendingartími er með fyrirvara um að strengur sé hæfur fyrir þrjá fasa og ekki þurfi að gera breytingar né stækka götuskáp.*

Skammtímatenging rafmagns

Hægt er að fá skammtímatengingu á rafmagni fyrir tímabundna notkun t.d. fyrir sölubása, viðburði eða aðra tímabundna notkun. Þessi þjónusta er háð staðsetningu og aðstæðum í dreifikerfinu. Skammtímatenging er afhent við götuskáp eða dreifistöð í skáp sem notandi útvegar. Hámarkstími skammtímatengingar er 30 dagar.

Veitur stefna að því að vera með skápa til leigu.

Greitt er sérstaklega fyrir tengingu, aftengingu og notkun. Álag vegna vinnu utan dagvinnutíma er 55%. Upplýsingar um verð er að finna í verðskrá Veitna á veitur.is.

Ef óskað er eftir skammtímatengingu þá gildir eftirfarandi ferli:

1. Fá löggildan rafverktaka í verkið
2. Sækja um skammtímatengingu á Mínum síðum Veitna (heimlagna umsókn)
Hvort heldur greiðandi eða rafvirki geta sent inn umsókn
3. Tilgreina skal dagsetningar uppsetningar og niðurtöku
4. Rafverktaki sendir inn þjónustubeiðni til Veitna í gegnum vef Mannvirkjastofnunar
5. Tengiliður verður upplýstur um afhendingartíma og áætlaðan kostnað
6. Rafverktaki setur upp skáp með bilunarstraumsrofa, sjálfvörum og plássi fyrir raforkumæli*
7. Veitur koma á skammtímatengingu í samráði við rafverktaka

**Veitur munu gera undanþágu frá mælingu til 5. júní 2020*

Breytingar á rafmagnstöflu

Fyrir allar breytingar á rafmagnstöflu sem snúa að heimplögn og mælingu t.d. fjölgun mæla eða færslur á heimplögn, skal sækja um á Mínum síðum Veitna (Heimlagna umsókn – breyting). Þar skal setja inn upplýsingar um hvers konar breytingar er óskað. Hvort heldur greiðandi eða rafverktaki geta sent inn umsókn. Einnig skal rafverktaki senda inn þjónustubeiðni til Veitna í gegnum Mannvirkjastofnun.

Aftenging á heimplögn

Sé óskað eftir aftengingu heimlagnar þarf að sækja um það á Mínum síðum Veitna (Heimlagna umsókn). Einungis er tekið við umsóknum um aftengingu frá húseiganda. Einnig skal rafverktaki senda inn þjónustubeiðni til Veitna í gegnum Mannvirkjastofnun. Umsókn um aftengingu skal berast Veitum með 4 virkra daga fyrirvara.

Tímabundið rof á heimtaug

Hægt er að óska eftir tímabundnum rofi á heimplögn. Sé þess óskað gildir eftirfarandi ferli:

1. Rafverktaki sendir inn þjónustubeiðni í gegnum vef Mannvirkjastofnunar með 4 virkra daga fyrirvara. Á þjónustubeiðni skal tilgreina tímasetningar á rofi og endurtengingu
2. Veitur móttaka þjónustubeiðni og merkja hana „Afgreidd“
3. Veitur hafa samband við rafverktaka til að staðfesta tímasetningar
4. Veitur taka spennu af heimplögn og endurtengja í samráði við rafverktaka



Áætlaður afhendingartími:

Veitur hafa skilgreint áætlaðan afhendingartíma heimlagna en lögð er áhersla á að einungis er um áætlun að ræða og geta ýmsir þættir haft áhrif á afhendingu. Afhendingartími heimlagna fer eftir tegund umsóknar, stærð, hvort um er að ræða nýtt skipulagt hverfi eða í gróið hverfi og stöðu á dreifikerfi Veitna. Mikilvægt er að móttökustaður sé tilbúinn samkvæmt skilmálum Veitna og rétt gögn fylgi umsókn, öll frávik frá því geta valdið töfum á afhendingu heimlagna.

Flokkur	Eðli	Afhendingartími
Íbúðahverfi	Skipulögð ný hverfi Gróin hverfi	5 til 7 vikur 7 til 11 vikur
Iðnaðarhverfi	Skipulögð ný hverfi Gróin hverfi	7 til 11 vikur 8 til 12 vikur
Stórar ¹ eða langar ² heimtaugar	400A og stærri	4 til 6 mánuðir
Vinnuheimlagnir ³	Bráðabirgðaheimtaug	2 til 4 vikur
Uppsetning mæli ⁴	Spennusetning	5 virkir dagar
Breyting í 3ja fasa ⁵		5 virkir dagar
Skammtímatenging	Viðburðir o.fl.	5 virkir dagar

1 Stærð heimlagna og staða dreifikerfis getur krafist meiri hönnunar sem hefur áhrif á afhendingartímann

2 Langar heimlagnir eru skilgreindar lengri en 100m

3 Fyrir bráðabirgðaheimtaug rafmagns (vinnuheimtaug) þarf að staðsetja vinnuskúrinn á viðkomandi lóð götumegin við byggingareit og ekki ofan á væntanlegum lagnaleiðum. Bráðabirgða heimtaug er aftengd þegar aðalheimtaug er tengd.

4 Uppsetning mæla ásamt því að hleypt er á eða spennusettt gerist eftir að búið er að leggja heimlagnir. Skilyrði fyrir því að það sé framkvæmt er að heimlagna reikningur sé greiddur og að þjónustubeiðni rafverktaka og/eða pípara hafi borist.

5 Afhendingartími er háður því að strengur sé hæfur fyrir þrjá fasa og hvorki þurfi að gera breytingar né stækka götuskáp.

Ég vona að þetta skýri ferli þeirrar þjónustu sem rafverktakar sækja helst til Veitna. Við fögnum frumkvæði SART í að skerpa á og styrkja samskipti milli rafverktaka og Veitna og við lýsum áhuga á að efla það samstarf bæði til fræðslu og frekari þróunar þjónustu til verktaka og notenda. Eins og komið hefur fram í samtölum okkar er það markmið okkar að veita góða þjónustu og upplýsingar um hvaða væntingar unnt er að gera til þjónustu okkar. Mikilvægur þáttur í því er að upplýsingar um þjónustu og afhendingu hennar liggi ekki hjá einstaka starfsfólki heldur geti fleiri upplýst um stöðu verka. Því óskum við eftir skilningi og þolinmæði á meðan við innleiðum breytt verklag og óskum eftir því um leið að fá upplýsingar um atriði sem geta nýst til að bæta þjónustuna enn frekar.

Virðingarfyllst,

Skúli Skúlason
framkvæmdastjóri þjónustu